Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur
29. júlí 2010
30. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

Opið frá kl. 11:30 - 23:00 alla daga!
Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin!
Faktorshúsið
Hæstakaupstað



Geiri Bjartar

Ásgeir Guðbjartsson skipstjóri á Ísafirði er betur þekktur í daglegu tali sem Geiri Bjartar eða Geiri á Guggunni. Hann er einn af nafnkunnustu aflaskipstjórum landsins og var skipstjóri á sjö Guðbjörgum í röð en áður á öðrum skipum. Í viðtali í miðopnu kemur hann víða við bæði hvað varðar lífsstarfið og persónulegri mál.

Þrjú skemmtiferðaskip heimsóttu Ísafjörðu um helgina. Á myndinni sést skemmtiferðaskipið Maasdam við bryggju.

Annríki í ferðaþjónustunni

Þrjú skemmtiferðaskip heimsóttu Ísafjörðu um helgina. Á laugardagsmorgun kom skemmtiferðaskipið Mv Ocean Princess til Ísafjarðar. Skipið er um 30 þús. brúttótonn að stærð og farþegar skipsins eru að mestu enskumælandi. Fóru þeir í ferðir á vegum Vesturferða um svæðið en mikill fjöldi farþega skipsins lagði leið sína til Hesteyrar að þessu sinni, en ásamt þeirri ferð er m.a. boðið upp á ferð í Vigur og í rútuferðir um svæðið.

Á sunnudagsmorgun komu tvö skip. Ber þar helst að nefna skipið Maasdam sem siglir undir hollensku flaggi þó svo að flestir farþegar skipsins hafi verið frá Bandaríkjunum. Skipið er í stærri kantinum og tekur um 1.200 farþega auk áhafnar. Annar gestur dagsins var skemmtiferðaskipið Princess Danae sem lá við ankeri á Prestabugtinni meðan að Maasdam lá við bryggju á Sundahöfn. Farþegafjöldi þessa tveggja skipa var að vonum mikill og má segja að Ísafjörður hafi verið fullur að ferðamönnum á sunnudag. Farþegar skipanna fóru einnig í ferðir á vegum Vesturferða en margir skoðuðu sig um á eigin vegum og virtu fyrir sér bæinn og íbúa þess.

Skemmtiferðaskipið Le Boreal kom síðan á mánudag til Ísafjarðar. Skipið tekur um 300 farþega og er um 10 þús. brúttótonn að stærð. Skipið er allt hið glæsilegasta þrátt fyrir að vera með minni skipum sumarsins. Skipið Ítalskt, sérsmíðað og inniheldur m.a. stóran sýningarsal, veitingastaði og líkamsræktarsal.

Ocean Princess heimsótti Ísafjörð á laugardag.

Princess Danae kom í annað skiptið til Ísafjarðar í sumar.

Le Boreal við bryggju.

Gerð varnargarð seinkar vegna mistaka

Framkvæmdir við snjóflóðavarnargarðinn í Traðarhyrnu í Bolungarvík hafa tafist vegna mistaka sem ekki er vitað hver ber ábyrgð á. Síðastliðið haust tók að hrynja úr bakhlið snjóflóðavarnargarðsins, sem snýr að Traðarhyrnu, og var í kjölfarið ákveðið að stöðva framkvæmdirnar. Verktakafyrirtækið Ósafl ehf., dótturfélag Íslenskra aðalverktaka, sér um framkvæmdir á varnargarðinum sem er hannaður af Eflu ehf. Að sögn Einar Hrafns Hjálmarssonar, aðstoðarstaðarstjóra Ósafls í Bolungarvík, veldur tjónið því að garðurinn verði ekki tilbúinn fyrr en á næsta ári en verklok voru áætluð í haust. „Mér finnst líklegt, þó það eigi eftir að semja um það, að framkvæmdirnar dragist vegna þessa fram á næsta sumar.“

Einar Hrafn segir að úttekt standi nú yfir á því af hverju tjónið varð. Þá standi yfir vinna við að fjarlægja grindurnar sem hrundu við fallið. Þegar það var tjónið varð var búið að binda um 15% grindanna í garðinum. Einar segir að ekki hafi orðið meira tjón frá grjóthruninu í október í fyrra. Á DV-vefnum er haft eftir Óskari Valdimarssyni, forstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins, að ekki sé vitað hver ber ábyrgð á tjóninu en framkvæmdirnar hafa tafist um tvo til þrjá mánuði. Grindurnar sem eru notaðar til að binda garðinn voru keyptar frá ítölskum framleiðanda, Officine Maccaferrie.

Framkvæmdir við varnargarð í Bolungarvík voru stöðvaðar.

100% ENDURGREIÐSLA

Á VIRÐISAUKASKATTI AF KEYPTRI VINNU

NÚ ER BESTI TÍMINN TIL AÐ BYGGJA, BREYTA OG BÆTA

Þeir sem grípa tækifærið og ráðast í framkvæmdir núna, fá 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af keyptri vinnu á byggingarstað. Að auki fæst frádráttur frá tekjuskattsstofni sem getur numið allt að 300.000 krónum.*

DÆMI:

Hjón láta vinna trésmíðavinnu hjá sér árið 2010.

Heildarfjárhæð m. vsk.:	937.050 kr.
þar af er vinna án vsk.:	493.121 kr.
Endurgreiðsla vsk. samtals:	125.746 kr.

Til viðbótar lækkar tekjuskattsstofn þess sem hefur hærri stofninn um 246.560 kr. við álagningu árið 2011.

NÝTUM TÆKIFÆRIÐ OG RÁÐUMST Í FRAMKVÆMDIR!

* Við álagningu opinberra gjalda árin 2011 og 2012 getur fólk fengið frádrátt frá tekjuskattsstofni sem nemur 50% af þeirri fjárhæð sem greidd var vegna vinnu á byggingarstað (án vsk.) á árunum 2010 og 2011. Hámark frádráttarins er 200.000 kr. hjá einstaklingi og 300.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðum.

ALLIR VINNA

ALLIRVINNA.IS

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ · SVÞ · SAMTÖK ATVINNULÍFSINS · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS · SI · FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

HVITA HÚSIÐ/SÍA · 10-1257

Viðburðaríkt leiðsöguferð með draug

Dansararnir og danshöfundarnir Aðalheiður Halldórsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir hafa skapað heim gangárans, sem er svokölluð dansganga þar fólk fer í leiðsöguferð með draugnum Gangára, en gangári er gamalt orð yfir flökkudraug. Gangári heimsótti Flateyri í síðustu viku en þær Aðalheiður og Valgerður hafa að undanförnu unnið við undirbúning á viðburðinum. Fólst það m.a. í því að koma til Flateyrar og grúska í sögu bæjarins.

Aðalheiður og Valgerður starfa saman undir nafninu Vaðall en þær hafa samið fjölda dansverka, m.a. fyrir Íslenska dansflokkinn og Reykjavík Dansfestival á undanförnum árum, en það eru einmitt 10 ár frá því þær hófu samstarf. Þær hafa báðar starfað sem dansarar hjá Íslenska dansflokknum til fjölda ára og hlutu báðar nýverið tilnefningu til Grímunnar sem dansarar ársins. Þá hefur Valgerður starfað undanfarin þrjú ár með einum virtasta danshöfundi Belgíu, Sidi Larbi Cherkaoui.

Það var fyrir tilstilli Reykjavík Dansfestival 2009 sem þær sköpuðu svokallaða dansgöngu sem kallaðist *Var það gangári?* Þær unnu verkið í samstarfi við leiðsögumanninn eða gangárann Ragnar Ísleif Bragason, ljóðskáld og leikhúslistamann. Verkefnið þótti ganga með eindæmum vel og sótti á þær sú hugmynd að fara með Gangárann af stað í ferðalag um landið og nú er svo komið að þau heimsækja Flateyri. Hugmyndin er að virkja bæjarbúa og fólk frá nærliggjandi bæjum og sveitum til þess að taka þátt í viðburðinum, en hópurinn hlaut m.a. styrk frá Menningarráði Vestfjarða. Bæjarins besta hafði sambandi við Aðalheiði Halldórsdóttur dansara þegar þær stöllur voru við undirbúning á Flateyri og forvitnaðist um verkefnið.

„Þetta er verkefni sem við unnum fyrir Reykjavík Dansfestival í fyrra. Þetta er ekkert endilega bundið við dans frekar en önnur listform. Í Reykjavík var miðað við miðbæinn og Skuggahverfið. Við grúskuðum vel í sögunni og bjuggum til handrit út frá því. Við erum með flökkudraug og fólk leggur af stað í ferð undir hans leiðsögn. En fljótt skekkist leiðin og alls konar viðburðir og hlutir verða á vegi hópsins, hvort sem það er tónlist, dans eða sofandi maður. Gangárinn verður svo alltaf æstari og æstari. Hann er nefnilega svolítið tímalaus draugur og þekkir menn sem voru uppi um 1500 alveg eins vel og mig og þig. Hann þekkir allt og alla. Við vorum með fimmtíu manna hóp í þessu í fyrra. Síðan lögðum við af stað út á land í sumar. Við komum fyrst við á Höfn í Hornafirði og höfðum ýmsar hugmyndir en við byrjuðum á því að semja handrit upp úr sögunni og lögðum til fólk í verkefnið ásamt því að kynnast heimamönnum sem tóku einnig þátt í því.“

– En hvers vegna Flateyri?

„Það hefur kannski ekki verið mikið af svona viðburðum hér. Okkur fannst það bara gaman að koma og kynnast þessum stað. Það eru tveir vinklar á þessu. Þetta er mikill fengur fyrir okkur að fá að koma og kynnast sögunni jafnt og fólki og öllu því sem átt hefur sér stað hér. Það er ótrúlega skemmtilegt fyrir okkur og verður vonandi ánægjulegt fyrir bæjarfélagið að fá okkur hingað með svona viðburð. Það er kannski meira um að vera á Ísafirði og minna á Flateyri. Þess vegna fannst okkur ofsalega gaman að koma hingað. Við erum tvær hérna núna en þetta er verkið okkar Valgerðar. Við erum báðir dansarar og höfum starfað sem slíkir í mörg ár. Það er okkar aðalatvinna en inn á milli hittumst við og grúskum eitthvað saman. Það eru um tíu ár frá því að við byrjuðum að vinna saman. Hugmyndin er okkar og við skrifum þetta. Síðan fáum við til liðs við okkur Gangára en það er Ragnar Bragason sem fær það hlutverk í hendurnar.“

– Og þið viljið fá fólk í lið með ykkur?

„Já. Við höfum fengið gríðarlega hjálp frá Jóhönnu Kristjánsdóttur á Flateyri en hún hefur sankað sér öllum upplýsingum sem hún finnur um Flateyri og fólkið hérna. Við höfðum ekki fundið neitt á bókasafninu sem kallast „Saga Flateyrar“ eða þess háttar. Starf hennar ótrúlega dýrmætt en oftast höfum við unnið handritið fyrirfram. Nú þurfum við hins vegar að koma á staðinn og vinna handritið hér, sem er alls ekki leiðinlegt, en hún er með þetta allt í sínum fórum, þennan fjársjóð, og hefur verið svo yndisleg að leyfa okkur að ganga í hann. Við erum búin að sitja mikið og skrifa en í leiðinni ætlum við að kynnast fólkinu og fá það í lið með okkur malla eitthvað skemmtilegt. Það er gaman að koma á nýjan stað og fjöllin hérna eru engu lík, maður gjörsamlega dolfallinn. Svo er líka hrikalega gaman að kynnast nýju fólki.“

Aðalheiður kveðst aðeins einu sinni hafa komið til Flateyrar áður. Það hafi verið stutt stopp yfir einn dag um páskana en þær stöllur njóta sín vel á Flateyri. En í stuttu máli, þá er gangárinn hálfgerður leiðsögu-draugur?

„Já, hann tekur fólk í sögulega leiðsöguferð en það er bara spurning hvað gerist á leiðinni. Alls konar atburði sem tengjast sögu Flateyrar, hvort sem það eru mjög áberandi tengingar eða eitthvað sem við skiljum, sem kemur svo kannski út sem eitthvað annað. Við hvetjum alla frá stöðunum í kring að fá sér laugardagsbíltúr, fá sér kannski ís og koma í óvissuferð um Flateyri,“ segir Aðalheiður að lokum áður en þær vinkonur halda áfram að grúska og fræðast um staðinn.

Samkaup úrval góðir grannar

...sjá fleiri tilboð á samkaupurval.is

Grillaður **kjúklingur, franskar og kók 1.298 kr!**

Tilboð gildir frá fimmtudegi til föstudags.

Samkaup úrval Ísafirði

Hafnarstræti 9-13, isafjordur@samkaupurval.is, samkaupurval.is

Skutulsfjörður.

Rannsaka skólpmengun í Skutulsfirði

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur æskilegt að farið verði í rannsóknir og mælingar á skólpmengun í Skutulsfirði. Nefndin hefur lagt til að gerð verði kostnaðaráætlun fyrir verkið. Eins og fram hefur komið hafa bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar óskað eftir því við Umhverfisstofnun að Skutulsfjörður verði skilgreindur sem „síður viðkvæmur viðtaki“ en þannig flokkast ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Umhverfisstofnun taldi hins vegar að gögn sem fylgdu umsókn Ísafjarðarbæjar væru ekki fullnægjandi til þess að stofnunin gæti metið hæfni viðtakandans samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við að ekki væri ljóst á gögnunum frá Ísafjarðarbæ hversu langt út útrásirnar ná og á hvaða dýpi þær eru. Samkvæmt upplýsingum Ísafjarðarbæjar eru um sjö útrásir frá bæjarfélaginu. Einnig eru að mati Umhverfisstofnunar ekki fullnægjandi upplýsingar um hreinsun skólps, hvorki frá íbúum eða iðnaði. Stofnunin benti á að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Óheimilt sé að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna. Öll útrásaropin eru líklegast innan hafnarsvæðis ef marka má hafnarreglugerð fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

Umhverfisstofnun telur einnig eðlilegt að fjallað sé um áhrif losunar skólps á svæði á náttúruminjaskrár í grennd við Ísafjarðarbæ. *– thelma@bb.is*

Spurningin

Verður þú á faraldsfæti um verslunarmannahelgina?

Alls svöruðu 319.
Já sögðu 104 eða 33%
Nei sögðu 215 eða 67%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hæg NA-læg eða breytileg átt, bjart með köflum og dálitlar skúrir, einkum og sunnan- og vestantil. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Gengur í ákveðna sunnanátt um tíma með rigningu, fyrst sunnan- og vestanlands. **Horfur á sunnudag og mánudag:** Lítur út fyrir vestlæga átt og milt veður. Væta öðru hverju, síst þó SA-lands.

Ritstjórnargrein

Nýtum rekann

Danska varðskipið Vædderen vakti athygli þar sem það lá við bryggju í Ísafjarðarhöfn fyrir skömmu. Í viðtali við BB sagði skipherrann ástæðuna fyrir heimsókninni meðal annars þá að Ísafjörður væri ,,hentugur staður til að koma í höfn. Hér getum við birgt okkur upp og sinnt viðhaldi á skipinu. Það er því hagkvæmt fyrir okkur að stoppa hér.“

Ástæða er til að draga fram hvað gerst hefur í baráttunni fyrir að þjónustumiðstöð fyrir Austur-Grænland verði staðsett á Vestfjörðum. Ber þar fyrst að nefna þátt Úlfars Ágústssonar, sem árum saman hefur verið ötull talsmaður málsins; þá samþykktir bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar hvar m.a. var ýtt úr vör starfi atvinnumálanefndar og hafnastjórnar um að vinna að tillögum um aukin umsvif og þjónustu Ísafjarðarhafna, að ógleymdu að á lokadegi Alþingis í mars 2007 fékk Lilja Rafney Magnúsdóttir, þáverandi varaþingmaður VG í NV-kjördæmi, samþykkta (samhljóða) þingsályktunartillögu um að ríkisstjórninni væri falið að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við Austur Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum. Fram kom í tillögunni að hafa beri samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.

Um árabil var Ísafjarðarflugvöllur burðarás í þjónustu Flugfélags Íslands við fyrirtæki á Austur-Grænlandi eða allt þar til breyttar reglur um rekstur flugvalla, sem leiddu til þess að flugvöllurinn hafði ekki lengur leyfi fyrir millilandaflugi, tóku gildi. Í okt. 2008 kvað samgönguráðherra uppúr með að ,,millilandaflug frá Ísafirði (yrði) alltaf takmarkað.“ Hins vegar væri sá kostur í stöðunni ,,að skilgreina Ísafjarðarflugvöll sem svokallaðan flugvöll II,“ en þar er ekki krafist öryggisstjórnunarkerfis líkt og á flugvelli I. Nú hafa þingmenn Norðvesturkjördæmis, að undanskildum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, lagt fram þingsályktunartillögu þar sem ,,Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja að til staðar sé á Ísafjarðarflugvelli nægjanlegur búnaður og aðstaða svo hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi með flugvélum sem í dag hafa heimild til þess að fljúga um völlinn.“ Þarft mál að taka af skarið.

Þetta mál er eitt af mörgum sem stuðlað gætu að eflingu byggðar á Vestfjörðum, ef fram næði að ganga. Þrjú ár eru liðin síðan tillaga Lilju Rafneyjar var samþykkt: Situr þar við sama? Er úttekt hafin? Hefur verið haft samband við heimamenn? Hvernig vindur fram störfum atvinnumálanefndar og hafnastjórnar um aukin umsvif hafna bæjarins? Hér er þörf fyrir eftirfylgni. Það vantar ekki að margvíslegan reka hefur borið á fjörur Vestfjarða hvað atvinnutækifæri varðar í gegnum árin. Minna fer fyrir að tekist hafi að nýta hann. Um það snýst málið.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

200 keppendur á Sparisjóðsmóti

Um 200 keppendur tóku þátt í á árlegu Sparisjóðsmóti Ungmennafélags Bolungarvíkur sem haldið var í blíðskaparveðri í Bolungarvík á laugardag. Mótið er einn stærsti viðburður ársins hjá ungu knattspyrnufólki á norðanverðum Vestfjörðum.„Þetta gekk rosa vel og var mjög skemmtilegt. Veðrið hefur alltaf sitt að segja og við fengum þessa einmuna blíðu. Í fyrsta sinn í langan tíma fengum við lið í gistingu en keppendur komu frá Herði frá Patreksfirði. Svo voru einnig keppendur frá Ísafirði, Súðavík og Suðureyri," segir Helga Jónsdóttir ein af skipuleggjendum mótsins. Keppendur voru í 5.-8. flokki karla og kvenna en í þeim leika ungmenni sem fædd eru árin 1998-2004. Að móti loknu á laugardag var boðið upp á grillveislu og frítt var í sund í Bolungarvík. Sigurjón J. Sigurðsson kom við á mótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

SELECT
JAKO

Sparisjóður Vestfirðinga

Útgerðarfélagið
Berg

HENSON
Útgerðarfélagið
Berg

Í betra formi en fyrir fimmtá

– Geiri Bjartar á Ísafirði eða Geiri á Guggunni stiklar á mörgu frá langri ævi

Ásgeir Guðbjartsson skipstjóri á Ísafirði, fullu nafni Ásgeir Guðbjartur Guðbjartsson en betur þekktur í daglegu tali sem Geiri Bjartar eða Geiri á Guggunni, er einn af nafnkunnustu aflaskipstjórum landsins. Hann er sestur í helgan stein fyrir allmörgum árum enda kominn á níræðisaldur en stundar útivist af krafti og kveðst vera í miklu betra líkamlegu formi en fyrir fimmtán árum þegar hann hætti á sjónum. Í góðu veðri má sjá hann stika stórum á Ísafirði – á stuttbuxum rétt eins og suður á Kanarí.

Það er ákaflega létt yfir Geira þegar við eigum dálítið samtal þar sem litið er yfir langa og viðburðaríka ævi. Þar hafa reyndar skipst á skin og skúrir eins og jafnan hjá okkur mannfólkinu.

Geiri Bjartar er fæddur í Kjós í Grunnavíkurhreppi í Jökulfjörðum 31. júlí 1928 þannig að hann fyllir 82 árin eftir tvo daga. Foreldrar hans voru Jónína Þóra Guðbjartsdóttir og Guðbjartur Ásgeirsson.

„Ragnheiður Jónsdóttir amma mín bjó í Kjós og heima hjá henni fæddi móðir mín mig en síðan var ég allra fyrstu æviárin í Hnífsdal. Ég var tveggja ára þegar við fluttumst úr Hnífsdal hingað á Ísafjörð og eftir það ólst ég upp í Dokkunni hér á Ísafirði. Þess vegna var ég alltaf í æsku minni með annan fótinn við sjóinn, að vaða á rifinu og alltaf með báta í höndunum að stúdera hvernig þeir fóru í ölduna og slíkt. Svo þegar ég var kominn um sjö-átta ára aldurinn voru þeir þarna með skektur bæði Sæmundur gamli á Naustunum og Beggi gamli á Arnarnesinu og fleiri og maður fékk pláss hjá þeim og var mikið að leika sér á skektunum.“

Vandist því snemma að vinna

Síðan lá leið Ásgeirs eins og gengur í barnaskólann og í sveit á sumrin. „Ég var í þrjú sumur í sveit hjá ömmu minni í Kjós í Grunnavíkurhreppi. Það var góður skóli að vera þar, hún var mikill stjórnandi hún amma mín. Þar var nú tekið á hlutunum. Mér fannst gott að vera þarna. Ég hélt kannski að maður mætti fara að leika sér ef það kom rigning, en það var nú ekki. Þá var maður bara settur í kartöflugarðana að reyta arfann. Ég vandist því snemma að vinna og fékk góðan skóla hjá ömmu minni. Þarna var ég meðal annars að rista torf.

Eftir þetta var ég tvö sumur hjá séra Jóni Ólafssyni í Holti í Önundarfirði eða fram til þrettán ára aldurs. Það var ljómandi gott. Manni brá svolítið við að koma þar. Alltaf borðað á þriggja tíma fresti! Maður átti ekki því að venjast. Það var unnið í törnum og síðan tekinn matartími. Alveg lúxus að vera hjá séra Jóni.“

Alltaf sjóveikur fyrstu árin

„Það fyrsta sem ég fer á sjó er með pabba mínum þegar ég var nýfermdur, að verða fjórtán ára. Þá fórum við á dragnót og ég er upp á hálfan hlut hjá honum yfir sumarið. Túrarnir voru nokkuð langir eða fimm-sex sólarhringar og farið norður í Húnaflóann að veiða kola og annað og svo hérna á víkurnar líka. Síðan fór ég í beitningar hjá honum gamla manninum.

Eftir það vann ég í sex-átta mánuði í Norðurtanganum þegar hann var opnaður en svo fór ég til Gunnars Pálssonar skipstjóra og beitti hjá honum í landi. Þegar ég er sextán ára gamall fer ég á sjóinn í fyrsta skipti fyrir alvöru á Sædísinni með Gunnari. Það var ágætt og fast sóttur sjórinn. Það veiddist svo mikið á stríðsárunum. Við fengum oft ágætis róðra þannig að neglt var yfir gangana og allt saman. Menn voru með tíu-ellefu tonn í þessum litlu koppum.

Svona byrjaði sjómennskan hjá mér. En ég var alltaf sjóveikur fyrstu árin. Ég vissi ekki hvar í andskotanum þetta ætlaði að enda með þessa sjóveiki.

Síðan fóru stærri bátarnir að koma, Freydísin stóra og fleiri. Þá fór ég með Halldóri Sigurðs-

mmtán árum

syni á Vébirni á troll og þá sjóaðist ég loksins. Við vorum lengi í burtu, lönduðum fyrir norðan, á Skagaströnd og Siglufirði og víðar, og bjuggum alltaf í skipinu. Þá loksins fór úr mér þessi andskotans sjóveiki.“

Karfi og ufsi í kojunni

„Ég fór á síldarvertíð 1946 með Guðjóni Halldórssyni á Auðbirninum. Þá var auglýst eftir mönnum á togarann Vörð frá Patreksfirði og ég fór þangað og var á honum í þrjá túra. Það var mjög dýrmætur skóli.

Eitt sinn var ég í koju. Það var búið að fylla togarann og hann var mjög þungur. Veður var ekkert mjög slæmt en nokkuð þungur sjór. Þá kemur allt í einu hnútur og það skolast bæði karfi og ufsi yfir hausinn á manni þarna í kojunni. Manni brá náttúrlega andskoti við“, segir Ásgeir og hlær.

„Þegar ég var tvítugur árið 1948 byrjaði ég sem skipstjóri á Bryndísinni en hafði áður verið stýrimaður í tvö ár. Við lentum í óhappi um veturinn en sluppum þokkalega frá því og það styrkti mig svolítið, og síðan kláraði ég vertíðina á Jódísinni. Næsta ár tók ég við Pólstjörnunni og var með hana í þrjú ár. Það gekk ágætlega. Svo vildi ég nú fara að komast á stærri skip en það gekk ekki vel. Þá fór ég út í Bolungarvík og tók við Bangsanum.

Það fór nú eins og það fór.“

Þegar Bangsinn fórst

„Það gerði norðaustan helvítis drullu og við fórum með bátinn úr Bolungarvík og hingað inn á Ísafjörð. Svo fer eitthvað að lagast og spáði ekkert mjög illa, norðaustan stinningskalda og allhvössu með kvöldinu. Ég var nú rólegur hérna inn frá því að það var svoddan bölvuð snjómugga og maður sá ekki neitt. Svo var hringt og sagt að þeir væru að fara á sjóinn út frá. Mér er það minnisstætt, að Sirrý konan mín ætlaði ekki að geta vakið mig með nokkru einasta móti áður en við fórum í þessa sjóferð. Ég hafði kastað mér út af eftir kvöldmatinn svo ég yrði sofinn ef veðrið færi eitthvað að lagast.

Við fórum í róðurinn og lögðum lóðirnar um sextán mílur norðnorðaustur af Rit. Þá skellur hann á af norðaustan þegar við erum hálfnaðir að draga. Skrúfublöðin gefa sig og komið alveg snarbrjálað veður og ekkert hægt að gera nema sigla. Við komumst á seglunum nær landi og náum sambandi við land í gegnum radíó. Varðskipið María Júlía var statt undir Grænuhlíðinni. Ég ætla ekki að kenna einum eða neinum um neitt þegar svona kemur fyrir. Hann kallar til okkar og sagði að við skyldum fella seglin því að hann væri alveg að koma. En á meðan við vorum að bíða fengum við á okkur rosalegt brot og misstum út tvo menn. Við sáum þá aldrei meir.

Ég var alltaf í talstöðinni. Þetta var alveg rosalegt andskotans veður. Með allra verstu veðrum sem ég hef lent í á sjó. Við vorum sjö mílur norður af Ritnum þegar María Júlía kemur að okkur. Hann dældi út olíu og við það lægði svo mjög ölduna kringum skipið að hann gat tekið okkur hina þrjá sem eftir vorum. Svo sökk báturinn bara.“

Hvíldi sig á skipstjórninni

„Fyrst eftir þetta vildi ég hvíla mig á skipstjórninni og réð mig á Sólborgina og var þar í níu mánuði. Það var mjög gott og góður skóli. Þetta gekk allt vel, við fiskuðum vel bæði á Selvogsbanka og Eldeyjarbanka. Við vorum búnir að gera þrjá túra og sigldum með fyrsta túrinn.

Svo er farið í veiðiferð rétt um miðjan maí 1952. Við vorum að veiða í salt og fórum hérna beint út á Halann. Palli skipstjóri var klár og gekk yfirleitt vel. Í þetta skipti toguðum við í klukkutíma og svo keyrði hann á fullri ferð í klukkutíma. Þetta gerði hann hátt á annan sólarhring þangað til við vorum komnir austur að Gerpi og búnir að fara meira en í kringum hálft landið. Aflinn í holi náði aldrei 500 kílóum. Á þessum tíma komu miklar aflafréttir frá Grænlandi. Þar þurfti ekki annað en dýfa í, trollið mátti ekki fara í botn. En við vorum með tómt skip.

Eftir veruna á Sólborginni tók ég aftur við Pólstjörnunni. Hún var afburða sjóskip og gaf stærri bátunum ekkert eftir.“

Rosaleg átök að missa menn

– Var þetta eina skiptið sem þú misstir menn á sjó?

„Nei. Þetta var ekki búið. Það skeði aftur á Guðbjörginni, fyrsta skuttogaranum með því nafni, haustið 1974. Þá vorum við vestur á Kolluálskanti og misstum þrjá menn. Við fengum alveg óstjórnlegan skafl þegar við vorum að taka trollið. Hann reið yfir skipið og þeir hurfu þrír. Það hefur verið bæði súrt og sætt hjá manni gegnum tíðina. Sjórinn hefur bæði gefið mér mikið og tekið mikið.

Það var gríðarlega erfitt að lenda í því að missa menn. Það hjálpaði mér mikið hvað við stóðum saman við Sigríður konan mín. Hún hjálpaði mér í gegnum þetta. Þetta voru rosaleg átök. Ég held að ég hefði aldrei komist í gegnum þetta nema vegna þess hvað hún stóð þétt við hliðina á mér.“

Með sjö Guggur í röð

Útgerðarfélagið Hrönn hf. á Ísafirði gerði út Guðbjargirnar alla tíð. „Við stofnuðum Hrönnina 1956. Við byrjuðum reyndar á því 1955 að taka Ásbjörninn á leigu hjá Samvinnufélaginu og ég var með hann um haustið og veturinn. Við fengum ekki fyrstu Guðbjörgina fyrr en í apríl 1956. Síðan er ég með rununa af Guðbjörgunum. En þegar frystitogarinn kemur 1994 verður Bjartur sonur minn aðalskipstjóri en ég er afleysingaskipstjóri á því skipi fyrsta árið og hætti 67 ára gamall árið 1995 og fór alveg í land. Ég leysti hann af bara í þrjá túra fyrsta árið.

Guðbjargirnar eða Guggurnar hans Geira, sem útgerðarfélagið Hrönn hf. gerði út, voru sjö talsins í þessari röð: Árið 1956, 48 brúttórúmlestir; árið 1959, 75 brl.; árið 1963, 115 brl.; árið 1967, 250 brl.; árið 1974, 500 brl.; árið 1981, 628 brl.; árið 1994, 1.200 brl.

– Þú ert einhver kunnasti aflamaður landsins.

„Það gekk ágætlega að fiska, það vantaði ekki. Það hjálpaði nú til að hafa góðan mannskap, alltaf valinn maður í hverju rúmi. Þetta byrjaði vel strax á fyrstu vertíðinni hjá mér þó að ég væri ekki nema með fimmtán tonna bát. En þegar ég kom á Pólstjörnuna var þetta allt annað líf. Hún var miklu meira skip heldur en Dísirnar litlu. Þá reri maður miklu stífar.“

Geiri minnist sumarsins 1988 þegar þeir komu inn á Ísafjörð og lönduðu tæpum tvö hundruð tonnum eftir fimm daga. „Það var bara losað einum í hvelli og farið út aftur og vorum svo komir aftur í land með 342 tonn eftir fjóra daga.“

Ásgeir Guðbjartsson var skipstjóri í fjörutíu og fimm og hálft ár þegar búið er að draga frá níu mánuðina sem hann var á Sólborginni og tímann þegar hann var í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, en þaðan útskrifaðist hann árið 1966. Áður en Ásgeir byrjaði sem skipstjóri var hann búinn að vera stýrimaður í tvö ár.

Sirrý var ekkert venjuleg kona

Þau Ásgeir og Sigríður Guðmunda Brynjólfsdóttir, sem jafnan var kölluð Sirrý, voru 59 ár í hjónabandi eða þangað til hún lést í fyrravor eftir langvinna vanheilsu. Börn þeirra eru fjögur. Guðbjartur er elstur og síðan koma Guðbjörg, Kristín og Jónína Brynja.

„Hún Sirrý mín var ekkert venjuleg kona. Hún var traust“, segir Ásgeir. „Hún sá marga hluti sem aðrir sáu ekki.

Ég hef gaman af að nefna eitt atvik í því sambandi. Það var eftir að ég kom í land og ég var dálítið í því að kaupa og selja hlutabréf í hinum og þessum fyrirtækjum. Ég var kominn í eignastýringu hjá Kaupþingi og það komu til mín tveir ágætir og hressir strákar að spjalla um það hvað væri nú framundan í fjármálaheiminum. Þetta var tveimur árum fyrir hrunið og allt svo bjart og fínt. Við sátum niðri í eldhúsinu og Sirrý mín var þarna líka og var ágætlega hress þó að hún hafi lent í þessum veikindum sínum. Við erum að drekka kaffi og strákarnir eru að tala um það með stjörnur í augunum hvað hlutabréfin séu alltaf að hækka og hækka.

Þá segir Sirrý mín við þessa ungu drengi alveg umbúðalaust: Hlutabréfin í bönkunum verða ekki meira virði eftir nokkur ár en sandurinn í Sahara. En drengirnir töldu að það væri nú ekki mikil hætta á ferðum!

Ég rak mig svo oft á það hvernig hún Sirrý mín sá hlutina fyrir. Ég veit ekki hvort á að kalla þetta skyggni eða hvað. Þess má geta, að ég seldi öll mín hlutabréf átta mánuðum fyrir þetta blessaða bankahrun.“

Guggan áfram gul ...

– Fræg urðu ummæli þáverandi stjórnarformanns Samherja á Akureyri þess efnis, að Guggan yrði áfram gul og áfram gerð út frá Ísafirði.

Ásgeir skellihlær. „Það er nú eins og það er. Þetta byrjaði nú þannig að það var alltaf verið að skerða þennan blessaðan kvóta. Þegar við fórum af stað og pöntuðum þetta nýja skip var dæmið alveg hreint og klárt. Ég man ekki hvað það var svo búið að skerða kvótann gríðarlega á tveimur árum frá því að skipið var

pantað. Við eigendurnir í Hrönn hf. vorum ekki vanir því að skulda neinar súpur og auk þess komnir nokkuð til aldurs. Ég var á sjötugsaldri og Margrét systir mín tveimur árum eldri og sameigendurnir Marías og Guðmundur komnir á áttræðisaldur.

Það varð að samkomulagi okkar allra að selja bara skipið. Þetta þróaðist þannig að Samherji var álitlegasti kaupandinn og kom með besta tilboðið og við vorum öll sammála um að hann fengi skipið. Hjá mér var þetta hreinlega ævistarfið mitt og ég vildi ekki setja það í hendurnar á hverjum sem væri. Eitthvað kom til tals með Básafell en það var aldrei rætt neitt alvarlega.

Við töldum eðlilegt og heppilegt að skipið yrði áfram gert út frá Ísafirði. Svo kemur það bara upp að þeir vilja færa skipið til Akureyrar. Okkur brá nú andskoti illa við það. Svo á endanum seldu þeir skipið til Þýskalands.

Þrátt fyrir þetta kunni ég vel við þessa drengi hjá Samherja og var í varastjórn hjá þeim í eitt og hálft ár. Þeir tilkynntu bara að þeir þyrftu á þessum tilfæringum að halda til að reksturinn væri í góðu lagi. Gagnvart mér gekk allt eins og ráð hafði verið fyrir gert og allt í góðu lagi með það. En um leið og Þorsteinn Már Baldvinsson sagði mér að skipið yrði selt, þá tók ég þá ákvörðun að selja öll mín hlutabréf í Samherja.

Það var þá sem ég fór út í að kaupa og selja hlutabréf í hinum og þessum fyrirtækjum. Það hefur gengið mjög vel."

Þinn kvóti er búinn

Ásgeir átti í smábátaútgerðum á Ísafirði þangað til fyrir fáum árum en stendur ekki í neinu slíku lengur. „Þegar ég fór að eldast fór ég að hlusta meira á konuna. Hún sagði við mig þegar ég var að skrattast í þessu: Þinn kvóti er búinn, þú verður að skilja það.

Og ég hlýddi því og seldi. Við vorum alltaf svo samrýmd, alveg eins og ein manneskja. Ég var heppinn í þessum viðskiptum öllum. Að minnsta kosti fær maður nóga eignaskattana þegar þeir eru farnir að leggja skatta á einhverjar krónur inni á bók!"

Stuttbuxurnar frá Kanarí

– Þú ert í golfi og líka er sagt að þú sért hlaupandi um bæinn á stuttbuxum.

„Ég er stundum á stuttbuxum, já. En það er ofsagt að ég sé að hlaupa. Ég er oft að labba á stuttbuxum þegar gott er veðrið. Ég hleyp ekki en ég geng líklega nokkuð greitt. Í vetur var ég í sex vikur úti á Kanarí og þar gekk maður svona. Ég fer bara í sömu fötin og þar þegar hér kemur fjórtán-fimmtán stiga hiti.

Klukkan níu á morgnana fer ég hérna inn eftir á æfingavöllinn í golf. Þar er ég svona tvo klukkutíma. Svo er prógramm hjá mér aftur klukkan eitt og þá labba ég minnst einn og hálfan klukkutíma. Ég geng oft upp á Skíðaveg og hérna inn fjörðinn. Ég er miklu sprækari núna en þegar ég fékk Guðbjörgina 1994. Enda er ég búinn að losa mig við átján kíló. Það er aðallega vegna þess hvað ég er duglegur að hreyfa mig. Það er útiveran sem hefur allt að segja þegar maður fer að eldast. Það er enginn sem gerir þetta fyrir mann. Maður verður að gera þetta sjálfur. Ég er allt annar maður núna en ég var fyrir fimmtán árum. Á þeim tíma hefði mér ekki þýtt að reyna að æða svona um og labba svona brekkurnar."

Eldar ofan í sig sjálfur

– Eldarðu ofan í þig sjálfur?

„Já, ég var reyndar búinn að gera það í sjö-átta ár. Sirrý mín var búin að vera svo lasin. Varðandi heimilisstörfin var þess vegna ekkert nýtt sem kom upp hjá mér þegar hún féll frá. Ég var vanur að þrífa og skella í þvottavélina og hengja út á snúru."

Að svo mæltu er Geiri Bjartar farinn í morgungolfið inni í Tungudal. Hann hefur aldrei slegið slöku við um dagana og gerir ekki enn.

– Hlynur Þór Magnússon.

Frá tónleikum Biggabix í Alþýðuhúsinu á Ísafirði.

Vel heppnuð tónleikaröð Biggabix

Ísfirski tónlistarmaðurinn Biggibix, eða Birgir Örn Sigurjónsson, lauk útgáfutónleikaröð sinni um Vestfirði með tónleikum í Alþýðuhúsinu á Ísafirði á laugardag fyrir viku. „Þetta gekk mjög vel og það er gaman að sjá hvað okkur var vel tekið á þessum stöðum," segir Biggibix en tónleikaröðin hófst með tónleikum á Hólmavík á miðvikudegi, því næst á Patreksfirði á fimmtudegi, Þingeyri á föstudegi og á Ísafirði á laugardegi. Að sögn Biggabix var mikið stuð á öllum stöðum en með honum í för var hljómsveit sem skipa þeir Halldór Gunnar Pálsson á gítar, Halldór Smárason á hljómborð, Valdimar Olgeirsson á bassa og Jón Geir Jóhannsson á trommur. Tónleikarnir voru haldnir í tilefni á fyrstu sólóplötu Biggabix sem kom út í mars og ber heitið Set Me On Fire.

Byggðasafnið í Neðstakaupstað.

Skoða stjórnskipulag safna Ísafjarðarbæjar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu bæjarfulltrúanna Albertínu Elíasdóttur og Eiríks Finns Greipssonar um endurskoðun á stjórnskipulagi safna Ísafjarðarbæjar. Tillagan er fram kom vegna þeirra tímamóta að forstöðumaður safna innan Safnahússins á Ísafirði er að láta af störfum eftir 37 ár. Fram kemur í tillögu Albertínu og Eiríks að þau telji rétt að nota þessi tímamót til að skoða stjórnskipulag safna Ísafjarðarbæjar og þar sem samstarf er við aðra eins og Byggðasafn Vestfjarða, sem er í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna þriggja á norðanverðum Vestfjörðum.

„Gerð er sú tillaga að til bæjarráðs að hafin verið vinna við skoðun núverandi stjórnskipulagi og tillögur um hugsanlegar breytingar á því lagðar fram til umræðu og frekari skoðunar. Verkinu verði stýrt af bæjarráði sem fer með yfirumsjón safnamála í stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar. Litið verði til stjórnskipulags annarra sveitarfélaga og samlaga í eigu sveitarfélaga í þessari vinnu og óskað eftir aðkomu þeirra er starfa að safnamálum í Ísafjarðarbæ," segir m.a. í tillögunni.

Markmiðið með endurskoðun á málaflokkum er m.a. að endurskoða stjórnskipulag sem lengi hefur verið óbreytt. Skoða á hvort stjórnkerfið sé nægilega skilvirkt og hagkvæmt og skoða innra skipulag viðkomandi stofnana/safna. Þá verður skoðað hvort samræma eigi stjórnun safnanna og hvort Byggðasafn Vestfjarða geti átt stjórnunarlega samleið með öðrum söfnun þrátt fyrir að vera í sameign þriggja sveitarfélaga. Þá er markmiðið einnig að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri. Bæjarráð hefur eins og fyrr segir samþykkt tillöguna og einnig óskað eftir greinargerðum frá forstöðumönnum safnanna um núverandi rekstrarskipulag þeirra. *– kristjan@bb.is*

Stefna að markaðshæfri vöru árið 2012

„Við stefnum að því að vera komin með markaðshæfa vöru árið 2012," segir Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stjórnarformaður nýsköpunarfyrirtækisins Kerecis á Ísafirði í ársskýrslu Matís fyrir árið 2009. Fyrirtækið vinnur að rannsóknum, vöruþróun og framleiðslu á lækningavörum unnum úr fiskipróteinum, en Matís hefur komið að þróunarvinnu fyrirtækisins og rannsóknarstarfi.

„Þær vörur sem við munum framleiða eru ætlaðar til meðhöndlunar á þrálátum sárum. Þau fá um 0,8% allra t.d. í kjölfar sykursýki eða æðahrörnunarsjúkdóma á síðustu árum ævinnar. Þrálát sár, sem ekki tekst að meðhöndla, eru algengasta ástæða þess að fólk missir útlimi og þarf að fá gervilimi. Vörur sem þessar nefnast stoðefni og eru í örum vexti á markaðnum í dag. Þau eru yfirleitt unnin úr spendýrapróteinum en okkar framleiðsla byggir á fiskipróteinum sem við teljum hafa ákveðna yfirburði. Annars vegar markaðslega og hins vegar virknilega yfirburði," er haft eftir Guðmundi í ársskýrslunni.

Hráefni í framleiðslu Kerecis er unnið úr eldisþorski frá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru í Súðavík. Það er meðhöndlað á rannsóknarstofu Kerecis á Ísafirði og byggt á aðferðum sem Matís þróaði með fyrirtækinu. Síðan heldur meðhöndlun áfram á rannsóknarstofu Matís í Reykjavík og loks fer efnið sem úr þessu ferli fæst í prófunarferli í samvinnu við heilbrigðisstarfsmenn á Íslandi og erlendis. „Þegar þróunarferlinu lýkur kemur vinnslan síðan til með að verða á Ísafirði. En meðan á rannsóknar- og þróunarferlinu stendur er Matís okkur mikilvægur samstarfsaðili," segir Guðmundur.

– thelma@bb.is

Átján holur í Syðri-Tungudal?

Golfvallahönnuðurinn Edwin Roald Rögnvaldson kastar fram þeirri hugmynd í leiðara nýjasta tölublaðs golfblaðsins „Hola í höggi" að nýta mætti tvo 9 holu golfvelli sem einn 18 holu golfvöll. Þessi hugmynd gæti gagnast golfvöllum þar sem stuttar vegalengdir eru milli golfvalla líkt og í tilfelli Syðridalsvallar í Bolungarvík og Tungudalsvallar á Ísafirði. Ljóst er að með góðum vilja má líta á tvo 9 holu golfvelli sem einn 18 holu golfvöll og ef t.d. Golfsamband Íslands gæfi út ákveðnar tilslakanir þess efnis að golfmót á mótaröðum GSÍ mættu fara fram á tveimur 9 holna golfvöllum væri möguleiki fyrir golfklúbbana í Bolungarvík og Ísafirði að halda saman stór mót á landsvísu.

„Það væri óskandi að Golfsamband Íslands tæki þessa hugmynd til nánari skoðunar en verði hún að veruleika geta golfklúbbum á landsbyggðinni opnast ný tækifæri til framþróunar á næstu árum," segir á vikari.is þar sem greint er frá þessari hugmynd.

– thelma@bb.is

Lager og innréttingar til sölu

Lager og innréttingar úr blóma- og gjafavöruversluninni Turninum, Ísafirði er til sölu. Tilboð berist fyrir kl. 12:00 föstudaginn 6. ágúst til skiptastjóra, Tryggva Guðmundssonar hdl., í annars vegar allan vörulager og hins vegar allar lausar innréttingar.

Áhugasömum er bent á að tala við starfsfólk Íslandsbanka á Ísafirði óski þeir eftir frekari upplýsingum eða til að skoða lagerinn.

Skiptastjóri áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tekist á í drullunni

Ungar knattspyrnuhetjur gáfu fullorðnum keppendum Mýrarboltans ekkert eftir þegar spilaður var drullubolti á Sparisjóðsmóti UMFB. Á sunnudag héldu keppendur í 5.-7. flokki til Ísafjarðar þar sem tekist var á í drullunni. Tók það töluverðan tíma að til að vellirnir yrðu fýsilegir. Að því er fram kemur á vef Boltafélags Ísafjarðar þurfti 100 tonn af vatni auk stanslausrar vökvunar í alla nóttina, til að vellirnir yrðu sæmilega blautir. Það bar þó ávöxt erfiðisins því að sögn Helgu Jónsdóttur, eins skipuleggjenda mótsins, var ekki annað að heyra á keppendum en að þeir væru ánægðir með þessa viðbót við mótið. Sigurjón J. Sigurðsson kom við á mótinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

Fann rostungstönn uppi á fjalli

Árni Þór Helgason frá Alviðru í Dýrafirði fann rostungstönn á vægast sagt óvenjulegum stað á dögunum eða við gamla skíðaskálann á Seljalandsdal í Skutulsfirði. „Ég tel mig vita af hverju ég fann hana þarna. Þegar verið var að vinna við snjóflóðavarnargarðinn var geymt sprengjuefni á þessum stað og þangað var komið með möl sem dælt hafði verið upp úr sjó. Tönnin hefur sjálfsagt komið með mölinni," segir Árni. Í fyrstu fann hana hálfa tönnina og var hún frekar illa farin. Er hann gekk aðeins lengra fann hann svo hinn helminginn. „Ekki bjóst ég við að finna rostungstönn á þessum stað. Eflaust hafa einhverjir rekist á tönnina áður en haldið að þetta væri steinn eða eitthvað og því ekki skeytt um það. En ég er frekar mikill grúskari og tók því eftir henni."

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Árni finnur tönn úr rostungi. „Ég fann aðra tönn í fjörunni í Dýrafirði vorið eftir hafísveturinn 2007," segir Árni. Þess má til fróðleiks geta að latneskt ættarnafn rostunga, odobenus þýðir „sá sem fer um á tönnunum enda nota rostungar oft skögultennurnar til að draga sig upp á ísjaka. Stóru skögultennur voru áður fyrr kallaðar fílabein norðursins hafa oft á tíðum verið notaðar til að gera skrautmuni.

Rostungar eru meðal stærstu hreifadýra jarðar, aðeins sæfílar eru stærri. Karldýr af Atlantshafsdeilitegundinni eru rúm 900 kg og kvendýrin rúm 700 kg.

Kyrrahafsdeilitegundin verður nokkuð stærri, karldýrin eru frá 800-1700 kg og kvendýrin 400-1250 kg. *– thelma@bb.is*

Vestfirska forlagið opnar lagersölu

Vestfirska forlagið á Þingeyri opnaði nýlega lagersölu í gamla „sjoppuhúsinu" við höfnina á staðnum. Þar eru til sölu allar þær bækur sem forlagið hefur gefið út, að undanskilinni allra fyrstu bókinni en forlagið gefur út bækur um Vestfirði og Vestfirðinga undir samheitinu „Bækurnar að vestan" og leggur áherslu á að blanda saman gamni og alvöru. Hallgrímur Sveinsson, bóksali situr vaktina í lagersölunni og er ánægður með viðtökurnar. „Það eru margir búnir að kíkja við og salan hefur verið góð," segir Hallgrímur í samtali við Þingeyrarvefinn.

Bækurnar eru allar á íslensku en til stendur að gefa út bækur með enskum texta á næsta ári en í þeim bókum verður birt brot af því besta úr vestfirsku bókunum ásamt myndum. Ekki er ákveðið hvað lagersalan verður opin langt fram á sumar en hún er opin alla daga frá kl. 14 – 17.

Húsnæði til leigu

Fasteignir ríkissjóðs vilja leigja neðangreint húsnæði:

Raðhús að Urðarvegi 68, Ísafirði.

Húsið, sem er 214m² á tveimur hæðum, er til leigu frá 1. september nk., til að a.m.k. eins árs. Húsið er til sýnis eftir nánara samkomulagi við Grétar Sigurðsson í síma 820 6007.

Óskað er eftir skriflegu tilboði með upplýsingum um bjóðanda og leigufjárhæð. Tilboð berist Fasteignum ríkissjóðs, Borgartúni 7, 150 Reykjavík eða í netfang snaevar@fastrik.is, fyrir 15. ágúst nk.

Grænlendingar opna Act alone

Grænlensk gestasýning einleikjahátíðarinnar Act alone á Ísafirði verður sýnd á opnunardegi hátíðarinnar 13. ágúst. Um er að ræða sýningu frá Silamiut leikhúsinu í Grænlandi sem er eina atvinnuleikhús landsins. Sýningin heitir „Long long ago...“ og þar býðst áhorfendum einstakt tækifæri til að fræðast um rætur og menningu Inúíta. Sýningin inniheldur þrjár Inútíasögur; Creation Story, The Mother of The Sea og The Sacred Gift of the Celebration. Leikari er Makka Kleist en leikstjóri er Svenn B. Syrin sem jafnframt er leikhússtjóri Silamiut leikhússins. Silamiut var stofnað árið 1984 og auk heimalandsins hefur leikhúsið sýnt víða um heim, t.d. Ástralíu, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum.

Sýnt verður í Edinborgarhúsinu og hefst sýningin kl. 20. Sýningin er afurð vinasambands milli Kómedíuleikhússins og Silamiut. Ekki eingöngu munu Grænlendingar sýna á einleikjahátíðinni heldur mun Kómedíuleikhúsið sýna hinn sívinsæla einleik Gísla Súrsson í Nuuk í Grænlandi. Act alone verður haldin í sjöunda sinn dagana 13. og 15. ágúst. Hátíðin er helguð einleikjum og er meðal fárra slíkra í heiminum. Að vanda verður dagskráin einleikin með bæði innlendum og erlendum sýningum. Aðgangur á hátíðina er ókeypis.

Dýrfinna sýnir í Svíþjóð

Ísfirski gullsmiðurinn Dýrfinna Torfadóttir tekur þátt í norrænni skartgripasýningu í Listasetrinu Tjörnedala í nágrenni Simrishamn á Skáni í Svíþjóð. Sýningin ber yfirskriftina Smycken så in i Norden eða frjálslega þýtt, Skart er í tísku á Norðurlöndum. Sýningin er haldin að frumkvæði Samtaka listamanna á Skáni og með stuðningi Norræna menningarsjóðsins.

Einum gullsmið frá hverju Norðurlandanna var boðin þátttaka í sýningunni auk átta fulltrúa frá Svíþjóð. Fyrir hönd Íslands sýnir Dýrfinna verk sín. Við val á þeim var haft að leiðarljósi sérstaða sem einkenna verk hennar, efnismeðferð og úrvinnslu. Þar má nefna sútað fiskroð, íslenska steina og bein sem hún fellir með ýmsum hætti að hefðbundnum eðalmálmum. Sýningin stendur til 8. ágúst.

Geitungarnir komnir til að vera

„Geitungarnir eru komnir til að vera. Eitranir hér og þar breyta litlu. Miklu betra er að sætta sig við þessi dýr og hætta að eyðileggja góða daga af hræðslu við þau,“ segir Ásthildur Cecil Þórðardóttir garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar á bloggsíðu sinni.

„Það sem ég skil ekki er þessi ofsalega hræðsla við geitunga, býflugur og kóngulær eins og áður sagði. Það er auðvitað til að geitungar verði aggressífir að hausti, en allt sumarið eru þeir sauðmeinlausir og bara að hugsa um sig og sína, eins og flestir aðrir,“ bætir hún við. Hún bendir á að geitungar eru nytsöm þar sem þau éta í sumum tilfellum lýs og önnur leiðindakvikindi.

Geitungur.

Í bloggfærslunni segir: „Núna í tvígang hef ég þurft að skipta mér af geitungabúum í einum skrúðgarðinum. Í öðru tilfellinu neyddist ég til að láta drepa íbúana, þar sem ég var að láta fólkið mitt gera við og mála hvalbeinið í Jónsgarði og þeir höfðu búið um sig upp í kjálkanum á beininu, og þarf þurfti að mála og fylla í.

Í hinu tilvellinu var geitungabú rétt hjá þar sem stelpurnar mínar .þurftu að gróðursetja blóm. Ég bjargaði því við með því að gróðursetja sjálf blómin, allir voru glaðir, stelpurnar að sleppa við flugurnar, flugurnar að fá blómin nær heimaslóðum og ég að bjarga þessu við. Þær bentu mér svo á enn eitt búið, sem er virkilega flott og gaman að fylgjast með þessum tignarlegu flugum við iðju sína.“

– thelma@bb.is

Nýr bæjarstjóri

Stakkur skrifar

Nýr bæjarstjóri á Ísafirði, Daníel Jakobsson, er boðinn velkominn heim ásamt fjölskyldu. Faglega hefur verið staðið að ráðningu nýs bæjarstjóra og vonandi hefur sá besti verið valinn. Að minnsta kosti geta íbúar Ísafjarðarbæjar vel við unað. Daníel ólst upp á Ísafirði og þekkir til þótt margt hafi breyst síðan hann flutti. En það sem skiptir mestu er að hann vill koma og hefur staðist þær kröfur sem gerðar eru til bæjarstjóra. Þeirra hlutverk er að stýra daglegum rekstri sveitarfélagsins og sjá um að pólitískar ákvarðanir bæjarstjórnar verði framkvæmdar í samræði við lög og góða siði og venju. Ávallt verða einhverja breytingar með nýjum mönnum og fróðlegt að sjá hverjar þær verða með hingaðkomu Daníels, sem hefur starfað sem útibússtjóri hjá Landsbankanum að Laugavegi 77 í Reykjavík.

Hinn nýráðni bæjarstjóri hefur því bakgrunn úr viðskiptalífinu og tengsl við bankakerfið. Ætla má að hvort tveggja skipti máli fyrir rekstur sveitarfélags, þótt sá rekstur sé ólíkur því sem gerist í bönkum að minnsta kosti eins og hann var fyrir hrun. Ekkert af slíkum vinnubrögðum hentar vel í sveitarfélagi sem hefur mörg verkefni á sinni könnu og þarf að gæta aðhalds. Því má heldur ekki gleyma að bæjarstjórar koma oft fram út á við fyrir hönd sveitarfélagsins. Þar mun reynsla hans sem útibússtjóri væntanlega nýtast vel. En fyrst og fremst mun hann njóta þess gangvart bæjarbúum að þeir þekkja vel til hans og fjölskyldu hans, en faðir hans var sóknarprestur um nokkurt skeið á Ísafirði.

Því má ekki gleyma heldur að Daníel er vel þekktur sem afreksmaður í skíðagöngu og hann átti sér glæsilegan feril sem íþróttamaður. Það þykir okkur ekki ónýtt Ísfirðingum að geta státað af því að bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ sé afburðamaður í íþróttum, auk annarra kosta. Gerðar til hans miklar væntingar með réttu því hann hefur þann bakgrunn sem til þarf. Nokkur breyting verður á starfi bæjarstjórnar þegar bæjarstjóri er ekki lengur einn bæjarfulltrúa og er með því fyrirkomulagi horfið til þess sem lengst af hefur ríkt á Ísafirði. Ýmsir kostir fylgja því að bæjarstjóri sé pólitískt ábyrgur sem einn bæjarfulltrúa og því með fingurna á púlsinum allan tímann. En því fylgja líka margir kostir að bæjarstjóri sér ráðinn starfsmaður með skýra ábyrgð gagnvart vinnuveitanda sínum, bæjarstjórn fyrir hönd kjósenda.

En stjórnmál eru list hins mögulega og sá sem gegnir starfi framkvæmdastjóra sveitarfélags, eins og það er kallað í sveitarstjórnarlögum, ber mikla ábyrgð og ríkar skyldur. Bæjarstjórn ber auðvitað sjálf ríkustu skyldurnar og pólitíska ábyrgð sem fjölskipað stjórnvald. Þó ævinlega sé talað um meirihluta og minnihluta í sveitarstjórnum eru það fyrst og fremst hagsmunir kjósenda og íbúa sem eiga að ráða ferðinni í störfum og ákvarðanatöku. Bæjarstjórn og bæjarstjóri gegna þjónustuhlutverki og það er afar mikilvægt að vel takist til. Ástæðulaust er að efast um að því verði ekki vel sinnt af hálfu beggja. Að lokum eru árnaðaróskir til hins nýja bæjastjóra ítrekaðar og fyrrum bæjarstjóra Halldóri Halldórssyni þökkuð góð störf og óskað velfarnaðar.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Til leigu er falleg og björt 2ja herb. íbúð, ca. 80m² á eyrinni á Ísafirði frá september nk. til maí 2011. Stórar svalir. Leigist með eða án húsgagna. Uppl. í síma 867 6657.

Til leigu er 4ra herb. íbúð í Súðavík. Björt og rúmgóð 90 m² á jarðhæð í tvíbýli Laus frá 1. ágúst. Stutt í grunnskóla, leikskóla, íþróttahús. Uppl. á netf. omarjons@sudavik.is.

Þar sem ég er að taka við afleysingarstarfi sem forstöðumaður hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Ísafirði frá og með 15 ágúst, óska ég eftir makaleiguskiptum á einbýlishúsi á Ísafirði eða nágrenni og á eign minni sem er 87m², 4ra herb. íbúð á besta stað í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er í göngufæri frá Ægissíðunni, miðbænum og Háskólasvæðinu. Uppl. gefur Hallgrímur í síma 848 0400 eða á netfanginu hallgrg@hi.is.

Til athugunar er að leigja út 120m² íbúð á eyrinni á Ísafirði í vetur, frá ca. 10. ágúst til 30. júní 2011. Uppl. gefnar í síma 00 47 480 70 568 frá 30. júlí.

Til sölu er Atika handlangarahrærivél. Uppl. í síma 898 0628.

Til sölu er Palomino Colt fellihýsi árg. 07 ásamt fortjaldi o.fl. Húsið er til sýnis í Súðavík. Uppl. í síma 691 1624.

Jónas Helgason, formaður Æðarræktarfélags Íslands og bóndi í Æðey í Ísafjarðardjúpi segir niðursveiflu á japönskum fjármálamarkaði valda því að eftirspurn eftir æðardúni héðan hefur minnkað um helming.

Eftirspurn eftir æðardúni minnkar

Jónas Helgason, formaður Æðarræktarfélags Íslands og bóndi í Æðey í Ísafjarðardjúpi segir niðursveiflu á japönskum fjármálamarkaði valda því að eftirspurn eftir æðardúni hefur minnkað um helming. Nokkrir framleiðendur hérlendis sætti sig við mikla verðlækkun til að selja afurðir sínar. „Við höfum á engan hátt notið neins af gengisbreytingunni sem hefur orðið vegna kreppunnar hér heima," segir Jónas Helgason í samtali við vísir.is, en hann kveður eftirspurn eftir æðardúni hafa tekið að dala þegar fyrir hrunið. Í fyrra hafi aðeins verið selt um eitt og hálft tonn af æðardúni miðað við um þriggja tonna framleiðslu í góðu ári. Á meðan safnist upp birgðir.

Jónas játar því að meðal æðardúnsframleiðenda sé nokkur gremja í garð þeirra úr hópnum sem láti útflytjendur hafa dún til að selja ytra á mikið lægra verði en tíðkast hafi. Dæmi séu um að kílóið af dúni hafi verið selt á 40 til 45 þúsund krónur í fyrra. Fyrir hrunið hafi verðið verið allt að 115 þúsund krónur en það svarar til 115 milljóna króna fyrir hvert tonn. Verðfallið nú er þannig afar mikið í erlendum gjaldmiðlum.

„Það er staðreynd að hér eru aðilar sem nýttu sér það að lækka verðið í erlendri mynt til að geta frekar selt dúninn sem þeir voru með. En það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að þó að verð lækki svona þá auka menn ekkert söluna," segir Jónas.

Á bilinu 260 til 270 félagar eru nú í Æðarræktarfélagi Íslands en dúnn finnst að sögn Jónasar á um 400 jörðum. Mestur sé dúnninn á Vesturlandi, sérstaklega við Breiðafjörð. *– kristjan@bb.is*

Önundur Pálsson.

Margmiðlun á Flateyri

Önundur Hafsteinn Pálsson, tónlistarmaður og upptökumaður á Flateyri stendur fyrir margmiðlunarnámskeiði fyrir unglinga í sumar og í haust. Önundur fékk á dögunum fyrsta hópinn til sín til þess að prufukeyra verkefnið sem er styrkt af Menningarráði Vestfjarða.

„Þetta er margmiðlunarnámskeið, en ekki í hinum venjulega skilningi. Við erum að vinna með marga miðla. Við notumst við ljósmyndir, video og teikningar. Námskeiðið snýst um að búa til teiknimyndir í bland við þetta allt. Það má því í raun segja að þetta séu úrklippu–teiknimyndir," segir Önundur.

Verður Ísafjörður sportbátamiðstöð Íslands?

Nokkuð hefur fjölgað komum sportbáta til Ísafjarðarhafnar að undanförnu. Bæði er aukning meðal seglskútna og sportbáta og hafa þeir verið nokkuð fyrr á ferðinni en fyrri sumur. Nefnt hefur verið að aðstaða í Ísafjarðarbæ hafi sína kosti og galla er varðar komu sportbáta til Ísafjarðar. Vilja sumir meina að þjónustan sé lítil og ekki sé gert mikið í komu slíkra báta til staðarins. Nefnt hefur verið að aðstaða fyrir sportbáta og skútur sé barns síns tíma á Ísafjarðarhöfn. En hverjir eru kostir og gallar aðstöðunnar? Getur Ísafjörður haslað sér völl sem sportbátamiðstöð Íslands, eins og oft hefur verið nefnt, og eru breytingar á teikniborðinu? Bæjarins besta spurði Albertínu Elíasdóttir, formann hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar, nánar út í málið.

„Það eru ótalmargir augljósir kostir við sportbátaaðstöðuna á Ísafirði. Sem dæmi má nefna hversu miðsvæðis í bænum höfnin er og því stutt í alla þjónustu. Svo má auðvitað ekki gleyma hversu frábært allt svæðið hér í kring er til siglinga, hvort sem er á skútum eða vélbátum. Helsti gallinn er líklega að aðstaðan er ekki eins góð og á væri kosið fyrir sportbáta, en það er vilji til þess hjá nýrri hafnarstjórn að bæta þá aðstöðu, líkt og var hjá fyrri hafnarstjórn, og aðstaðan hefur farið batnandi á síðustu árum,“ segir Albertína.

Hún telur að Ísafjarðarhöfn standi sig vel í þjónustu við sportbáta og segir óhætt að fullyrða að hér sé veitt persónuleg þjónusta.

„Þeir sem leggja upp að fá rafmagn og vatn og aðra þjónustu. Jafnframt reyna hafnarstarfsmenn að vera fólki innan handar, t.a.m. með því að aðstoða það við að komast inn á flugvöll, veita upplýsingar um veðurspár, ískort og fleira.“

– Er það til skoðunar að Ísafjörður verði sportbátamiðstöð Íslands eins og stungið hefur verið upp á?

„Eins og fram kemur í meirihlutasamningi nýs meirihluta er ætlunin að fara í þá vinnu að móta nýja framtíðarsýn fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar, þar á meðal sjósportmiðstöð. Sú vinna mun fara fram t.a.m. með íbúaþingum þannig að íbúar sveitarfélagsins og notendur þjónustunnar fá tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri. Það er þó ljóst að það er vilji þessa meirihluta og þess gamla að hér verði sportbátamiðstöð Íslands. Má sem dæmi nefna að fyrri hafnarstjórn óskaði eftir því við samgönguráðherra og samgönguráðuneyti að þegar farið verði í það verk að byggja varnargarða fyrir Pollgötuna verði byggður grjótgarður úti í Pollinum og innan þess grjótgarðs verði þá búin til almennileg sportbátahöfn. Þegar það kemst í gegn verða aðstæður vonandi orðnar þannig að hafnarstjórn geti beitt sér að alefli í að auglýsa höfnina sem almennilega þjónustuhöfn fyrir sportbáta.“

– Er einhver sem tekur á móti fólki sem kemur hingað á bátum eða skútum? Og er einhver sem kynnir þá fyrir svæðinu og hvað er áhugavert er að skoða?

„Starfsmenn hafnarinnar taka á móti öllum bátum sem hingað koma, þegar þeir vita af þeim. Þeir veita fólki allar þær upplýsingar sem óskað er eftir, en benda fólki jafnframt á Upplýsingamiðstöðina sem er rétt við hafnarkantinn í Edinborgarhúsinu þar sem sérhæfðir starfsmenn eru til staðar til að veita upplýsingar um svæðið og hvað hægt sé að gera hér.“

Nefnt hefur verið að aðstaða til að koma vatni á sportbáta við Ísafjarðarhöfn sé ekki næg. Albertína segir svo ekki vera.

„Þeir bátar sem óska eftir að fá vatn hafa fengið það, búið er að tengja vatn og rafmagn við nýju staurabryggjuna, þar sem reynt er að hliðra til fyrir báta eins og hægt er. En jafnvel þó þeir liggi ekki þar, þá eru þeir alltaf afgreiddir með vatn ef þeir óska þess. Jafnframt eru starfsmenn hafnarinnar áhöfnum innan handar við að panta olíu og aðra þjónustu.“

Fjölgun sportbáta kallar vænt-anlega á aukna þjónustu, þ.e. aðstöðu til að komast á netið, í þvottavélar, vatn, klósett o.s.frv. Hvernig er þeim málum háttað?

„Höfnin, eins og aðrar stofnanir bæjarins, er alltaf að reyna að bæta sig. Þó er staðreyndin sú að sum þjónusta er í boði hjá einkaaðilum og vafasamt að höfnin, og þar með sveitarfélagið, eigi að fara í samkeppni við þá aðila. Það eru klósett á höfninni, auk þess sem salerni eru í Upplýsingamiðstöðinni sem rekin er að hluta af Ísafjarðarbæ. Í Upplýsingamiðstöðinni er einnig hægt að komast á internetið. Hvað varðar þvottaaðstöðu, þá er Efnalaugin einmitt staðsett á höfninni þar sem hægt er að láta þvo þvott og fá afhentan samdægurs, ef farið er með þvottinn að morgni.“

– Hvað ætlar ný hafnarstjórn að gera í sambandi við komu sportbáta og þjónustu við þá?

„Því er ekki að leyna að betri þjónusta við sportbáta er nokkuð sem við erum meðvituð um og það er okkar hjartans mál að bæta aðstöðuna okkar. Ef við fáum þetta verkefni í gegn að Pollgatan verði varin með varnargörðum út á Pollinn, þá erum við tilbúin í það verkefni að byggja upp sportbátaaðstöðu þar.“

Einfaldir saltfiskréttir og döðluterta

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo saltfiskrétti, annars vegar saltfisk með hvítlauk og hins vegar saltfisksalat. Einnig lætur hún fljóta með uppskrift að dýrindis döðlutertu.

Saltfiskur með hvítlauk

800 g saltfiskur, skorinn í hæfilega bita
Hveiti til að velta upp úr
Ólífuolía til steikingar
16-20 hvítlauksgeirar, skornir í þunnar sneiðar
2 stk rauður chilipipar, fræhreinsað og saxað smátt
1-2 dl. svartar ólífur1 dl. hvítvín

Fiskbitarnir þerraðir vel áður en þeim er velt upp úr hveiti og síðan steiktir í ólífuolíu. Bitunum er raðaðir í eldfast mót og svartur pipar malaður yfir. Laukur og chilipipar steikt örstutt í ólífuolíu, hvítvíninu hellt yfir pönnuna og látið sjóða. Þessu er sáldrað yfir fiskinn og sett inn í heitan ofn í nokkrar mínútur.

Saltfisksalat

Útvatnaður saltfiskur, helst sólþurrkaður úr neðsta
Steinselja
Svartur pipar

Allt skorið og saxað að vild og blandað saman í skál. Bleytt í með olíunni af tómötunum og bætt við ólífuolíu ef þarf. Gott að láta salatið jafna sig í ísskáp í 1-2 klst. áður en það er borið fram.

Sælkerinn

Sólþurrkaðir tómatar í olíu
Ólífur, svartar og grænar
Kapers
Blaðlaukur

Döðluterta

3 egg
1 bolli púðursykur
5 msk hveiti
1 tsk lyftiduft
100 g suðusúkkulaði, saxað
250 g döðlur, saxaðar

Egg og púðursykur þeytt vel saman, lyftidufti og hveiti blandað saman við súkkulaði og döðlur. Öllu hrært saman með sleif. Bakað í 2 hringlaga formum við 170° í 30 – 40 mín. Þegar botnarnir hafa kólnað eru þeir lagðir saman með rjóma og flórsykur sigtaður yfir.

Ég skora á Evu Baldursdóttur frá Ísafirði til að verða næsti sælkeri vikunnar.

Sælkeri vikunnar er Marta Hlín Magnadóttir frá Ísafirði.

Breskra sjómanna minnst

Minningarstund var haldin við sjómannastyttuna á Eyrartúni á Ísafirði fyrir stuttu þar sem minnst var breskra sjómanna og skipa sem farist hafa við Íslandsstrendur. Frumkvæðið að athöfninni átti gamall enskur togaraskipstjóri frá Hull, Ken Knox að nafni, sem kom hingað með skemmtiferðaskipinu Ocean Countess. Ken Knox er nú kominn á eftirlaun en hugur hans er þó enn bundinn hag sjómanna því Ken er meðlimur í Royal National Mission to Deep Sea Fishermen og er formaður Hull deildarinnar. Samtökin eru hliðstæð um margt sjómannastarfinu, sem Sigfús í Salem hélt hér uppi á Ísafirði í mörg ár.

Ken lagði lárviðarkrans að styttu sjómannanna. Þennan krans hafði hann sjálfur gert og er þar í miðjunni spjald til minningar um þá bresku togara, sem fórust á Vestfjarðamiðum. Sóknarpresturinn á Ísafirði fór með bæn og minnst var látinna sjómanna við Íslandsstrendur. Ken flutti svo ljóð er hann hafði samið um líf sjóðmannsins. Síðan flutti hann stutta tölu. Að lokum afhenti hann Jóni Sigurpálssyni, forstöðumanni Byggðasafns Vestfjarða, gömul sjókort, sem hann notaði þegar hann var hér við veiðar. Eru kortin gjöf frá honum til Sjóminjasafnsins á Ísafirði.

Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri þakkaði Ken fyrir komuna og sagði hann að ensk skip væru ávallt velkomin í hafnir Ísafjarðarbæjar. Færði Guðmundur Ken platta að gjöf.

– thelma@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

DRÁTTARBRAUT TIL SÖLU

Ísafjarðarbær auglýsir til sölu dráttarbraut og aðliggjandi mannvirki á Suðurtanga á Ísafirði. Frestur til að skila inn tilboðum er til 15. ágúst nk.
Sjá nánar tilkynningu á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is.

Nokkur orð frá Vá Vesthópnum til foreldra

Oft hafa foreldrar haft samband við meðlimi Vá Vesthópsins með spurningar um uppeldi. Í sumum tilvikum er um að ræða spurningar foreldra þar sem börn þeirra hafa misstigið sig og er þá gjarnan leitað ráða. Í þessu sambandi langar Vá Vesthópinn til að minna foreldra á eftirfarandi

Eftirlitslausar útilegur og samkvæmi

Þegar vetri lýkur breytist margt í daglegu lífi fjölskyldna. Það er ekki síst á vorin og sumrin sem foreldrar þurfa að halda vöku sinni fyrir velferð barna sinna. Þannig er mikilvægt að skilja ungmennin ekki eftir ein og eftirlitslaus heima þegar farið er í lengri eða skemmri tíma í burtu. Eins er mikilvægt að leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum eða félagsheimilum, hvað þá útilegum.

Enginn rekstraraðili samkomuhúss eða félagsheimilis ætti að lána eða leigja húsnæði til annarra en þeirra sem hafa a.m.k. náð sjálfræðisaldri. Sama á við um þá sem leigja út tjaldstæði. Þess eru dæmi að alvarlegir atburðir hafi gerst í útilegum þar sem ungmenni eru samankomin. Þá geta komið upp aðstæður sem ungmennin ráða ekki við án aðstoðar fullorðinna og ábyrgra. Í þessu sambandi má nefna kynferðibrot og önnur ofbeldisbrot, neysla ólöglegra vímuefna og fl.

Reynslan hefur sýnt að slíkar eftirlitslausar samkomur sækja ekki aðeins nánir vinir viðkomandi barna heldur „sogast“ þangað aðrir aðilar sem hafa ekki endilega í hyggju væntumþykju og heiðarlega framkomu gagnvart samborgurum sínum. Það er því heilög skylda okkar, foreldra sem og annarra samborgara, að hafa gætur á því að slíkar samkomur séu tilkynntar til foreldra viðkomandi barna og/eða lögreglunnar sem og barnaverndaryfirvalda. Það er góð regla að hafa samband við foreldri barns sem býður til samkvæmis og athuga hvort þar verði einhver fullorðinn og svo framvegis. Slíkt ýtir líka undir það að góð regla verði viðhöfð í samkvæminu.

Vakni grunur um að barni sé hætta búin með einhverjum hætti er hvatt til þess að yfirvöldum sé tilkynnt um það. Sími lögreglunnar er 450 3730, en sömuleiðis er hægt að ná til lögreglunnar og barnaverndaryfirvalda í gegnum síma Neyðarlínunnar, 112. Fólk á að vera óhrætt við að hringja í það númer þó bein lífshætta liggi ekki við.

Vá Vest
vímuvarnarstefna

Drullugott samband í drullunni!

Leyfðu vinum þínum að fylgjast með þér í Mýrarboltanum á YouTube og Facebook í gegnum stærsta 3G dreifikerfi landsins.

Sími

Netið

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM42974